Málnefnd um íslenskt táknmál

6.3.2026

Forsætisráðherra Kristrún Frostadóttir

Ábending varðandi blaðamannafund ríkisstjórnarinnar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald aðildarviðræðna við ESB þann 6. mars 2026

Ríkisstjórnin hélt blaðamannafund í beinni útsendingu þann, 6. mars 2026, sem beint var til allra Íslendinga og fjallaði um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald aðildarviðræðna við ESB. Blaðamannafundurinn var ekki túlkaður á íslenskt táknmál en málið er er eina hefðbundna minnihlutamálið sem bundið er í lögum nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Í lögunum er fjallað um lögbundnar skyldur stjórnvalda, jafnt ríkis og sveitarfélaga, að því er varðar íslenskt táknmál. Jafnframt kemur þar fram að Málnefnd um íslenskt táknmál eigi að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um hvað eina er varðar íslenskt táknmál.

Með því að túlka ekki blaðamannafund sem beint er að öllum Íslendingum er aðgengi döff Íslendinga hindrað og lög og málstefnur brotin. Benda má á nýsamþykkt lög um samning Sameinuðu þjóðanna frá 2025, lög um bann við mismunun frá 2018 og málstefnu Stjórnarráðs Íslands frá 2012 svo eitthvað sé nefnt.

Með kveðju,

Valgerður Stefánsdóttir

Formaður málnefndar um íslenskt táknmál

mitm@mitm.is